

## Erum stærstir hérlandis

Poulsen hefur á síðustu árum flutt sig inn í bílavarahlutageirann á Íslandi. Bílrúðuskipti er nú eitt af sérsviðum fyrirtækisins sem skiptir við umsvifamestu bílrúðuframleiðendur í heimi.

**F**yrtækið Poulsen er eitt af rótgrónustu fyrirtækjum landsins, stofnað af hinum danska Valdimar Poulsen fyrir öld. Upphaflega var Poulsen járnsteypuvyrirtæki og mikilvirkt í innflutningi og sölu á varahlutum. Bílrúðuskipti eru nú eitt af sérsviðum þess. Ragnar Matthíasson, einn eigenda Poulsen, útskýrir hvernig þau ganga fyrir sig.

„Þetta er einfalt mál. Ef brotin rúða er í bílnum, hvort sem er að framan, aftan eða á hliðunum, pantar fólk tíma í bílrúðuskipti. Það lætur okkur í té upplýsingar um númer bílsins og hvar hann er tryggður. Síðan mætir það með bílinn á umsömdum tíma, yfirleitt snemma dags og fyllir út tjónaskýrslu. Bílinn getur það sótt seinnipartinn og greiðir þá sjálfsábyrgð. Viðgerðir eru hins vegar eigandanum að kostnaðarlausu.“

Ragnar segir Poulsen leggja ríka áherslu á góða þjónustu og gæði sem endurspeglar í vöruframboði fyrirtækisins. „Við flytjum inn stærstu merkin í bílrúðum, AGC og Pilkington sem er virtasti og umsvifamesti bílrúðuframleiðandi í heiminum,“ bendir hann á og getur þess að í gegnum Pilkington hafi Poulsen myndað tengsl við einn stærsta kítisframleiðandann, Dow.

„Við erum í viðskiptum við Dow þar sem það er leiðandi í þróun á kítu. Enda verður kítu að vera öflugt til að tryggja allt öryggi, halda bílrúðum á sínum stað og til dæmis fyrirbyggja að framrúður skjótist úr bílum þegar loftþúðar springa út.“

Að sögn Ragnars sinnir Poulsen bæði einstaklingum og fyrirtækjum, þar á meðal tryggingafyrirtæki, og allar gerðir bifreiða. „Við eigum nánast allar tegundir af rúðum á lager. Ef þær eru ekki til útvegum við þær á stuttum tíma, allt niður í sólarhring,“ útskýrir hann og getur þess að fyrirtækið sjái bifreiðaeigendum fyrir neyðarrúðum eða plasti í hliðar og aftanverða bíla ef teygist á biðinni. „Hvort tveggja er vandað og öflugt.“

Að lokum getur Ragnar þess að Poulsen selji jafnframt bílrúður til verkstæða, sjálfstæðra aðila um land allt. „Við þjónustum öll helstu verkstæðin í landinu og erum klárlega mjög umsvifamiklir í þeirri þjónustu hérlandis.“

Poulsen er í Skeifunni 2. Hægt er að panta tíma í bílrúðuskipti með því að hringja í síma 5305900. Allar nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni [www.poulsen.is](http://www.poulsen.is).



Starfsmenn Poulsen, Skeifunni 2, kappkosta að þjónusta viðskiptavini.

MYND/ANTON



### ÖRYGGI Í ÖNDVEGI

Ragnar Matthíasson hjá Poulsen segir mikilvægt að allir öryggisþættir bifreiða séu í lagi. Þar á meðal þurfi framrúður ávallt að vera í toppstandi. „Ég hvet fólk til að hugsa vel um þær, hreinsa reglulega og fylgjast vel með því að þær séu góðar.“ En hvenær er tímabært að skipta um framrúðu? „Þegar hún er til dæmis gömul og mött og jafnvel farið að kvarnast upp úr henni. Það gengur ekki að keyra um með slíka rúðu og síst þegar skyggni er slæmt.“

### PLÁSTUR Á SÁRIÐ

Grjótkast getur valdið margvíslegum skemmdum á bílum og þar á meðal skilið eftir sig sprungur í rúðum. „Slíkar sprungur eru á fagmáli kallaðar stjörnur og hjá tryggingafélögum er hægt að nálgast plástur sem má geyma í hanskahólfinu og nota þegar sár myndast,“ bendir Ragnar Matthíasson hjá Poulsen á og bætir við að vitanlega sé aðeins um tímabundna lausn að ræða. „Eða þar til eigandi bílsins hefur fengið viðgerð hjá okkur eða öðrum viðurkenndum aðilum.“



## Gerum við og skiptum um bílrúður

*Vinum fyrir öll tryggingafélögin*



**Skeifan 2 - 108 Reykjavík - Sími: 530 5900**



# Best að fara til meistarans

**P**áll Gunnlaugsson bifreiðasmíðameistari er með sinn nýstofnaða Bílrúðumeistara á Dalvegi 18 í Kópavogi. „Ég hef unnið við ísetningar og viðgerðir á bílrúðum í tíu ár og svo útskrifaðist ég úr meistarakólanum í fyrravor. Bíllinn þinn er því í öruggum höndum hjá mér,“ segir Páll en fyrirtæki hans sérhæfir sig í bílrúðum. Ef eigandi bíls lendir í vandræðum getur hann treyst á að Páll leysi auðveldlega úr þeim.

„Það eina sem þú þarft að gera er að hringja í mig og panta tíma. Ég sé um rest,“ segir Páll og getur þess að ef bílrúða brotni þurfi ekki að tala við tryggingafélögin. Einfaldara sé að fara beint til hans og hann muni sjá um samskiptin við tryggingafélagið og alla pappírsvinnuna, þar sem Bílrúðumeistarinn er viðurkenndur aðili hjá öllum tryggingafélögum á Íslandi.

„Tryggingafélögin borga 99 komma eitthvað prósent af öllum þeim verkefnum sem koma til mín. Fólk þarf ekki að tala við



Páll og Lucy fyrir utan starfsstöðvar sínar á Dalvegi 18.

MYND/HARLÐUR

tryggingafélagið frekar en það vill. Fólk þarf að vísu að borga sjálfsábyrgð fyrir að skipta út rúðu, en hins vegar er ókeypis að láta gera við litlar skemmdir. Trygginga-

félagið borgar það upp í topp,“ segir Páll.

Bílnum er hægt að skila til hans hvenær sem er sólarhrings og setja bíllykilinn inn um sérstaka lúgu fyrir lykla hjá Bílrúðumeistarinum.

Páll er þó ekki eini meistarinn á Dalvegi 18. Við hliðina á bifreiðaverkstæðinu er Lucy kona hans með eigin hárgreiðslustofu. Skötu hjúin taka á móti viðskiptavinum hlið við hlið þótt þeir komi í mjög ólíkum erindagjörðum.

Páll lofar toppgæðum og toppþjónustu. Ekki er verra að auðvelt er að finna verkstæðið hans á Dalvegi 18. Bílrúðumeistarinn er í sama húsi og Málning hf. og sést vel frá veginum.

## DULIÐ SLIT

Framrúður geta enst jafn lengi og bíllinn sjálfur. Vitanlega ætti þó að skipta reglulega um framrúður því með tímanum slitna þær líkt og dekk, bremsur og púst. Eftir tvö til þrjú ár hefur ryk og sandkorn slípað eitthvað til yfirborð glersins, auk þess sem rúðupurrkur auka slit en allt á þetta sinn þátt í að byrgja öikumönnum sýn. Stundum er erfitt að greina slit af þessu tagi í framrúðunni, nema þegar skært ljós skín inn um rúðuna. Þess má geta að á síðustu árum hafa margir trassað bílrúðuviðgerðir og -skipti hérlendis þar sem þeir hafa einfaldlega ekki haft efni á að halda bílnum sínum við. Með batnandi hag er vonandi að sem flestir bæti úr þessu, fari með bíllinn í skoðun og láti gera við bílrúðurnar eða skipta um eins og með þarf.



Með tíð og tíma slitnar framrúðan þó hún brotni kannski aldrei.



Þessi siglir og keyrir hraðar en aðrir bílabátar.

## ALGJÖRT TRYLLITÆKI

Í Bandaríkjunum var nýlega framleiddur hraðskreiðasti bílabátur heims. Farartækið kemst upp í hundrað á undir fimm sekúndum. Í bílabátinum er V8 Chevrolet Corvette vél og rúmast fimm manns í honum. Milljónamæringurinn sem lét smíða það vildi auðveldlega komast á milli staða og stytta sér leið í vinnuna. Þess má geta að smíði bílabátsins kostaði eina 200.000 dollara.

**BÍLRÚÐU MEISTARINN**   
S: 571-1133  
3 ÁRA ÁBYRGÐ Á FRAMRÚÐU ÍSETNINGUM

VINNUM FYRIR ÖLL TRYGGINGARFÉLÖGIN

SÉRIEFT BÍLRÚÐUVERKSTÆÐI MEÐ BÍLASMÍÐAMEISTARA

BILRUDUMEISTARINN@INTERNET.IS BÍLRUDUMEISTARINN DALVEGI 18 201 KÖP.



## Betra Púst

- Almennar pústviðgerðir og sérsmíði í flest ökutæki
- Þjónusta f. stóra bíla
- Bílrúðuísetningar
- Bílrúðuviðgerðir
- Góð og örugg þjónusta

SKÓGARHLÍÐ 10, REYKJAVÍK



Betra púst ehf  
Skógarhlíð 10  
105 Reykjavík  
Sími: 555 7070  
www.betrapust.is  
betrapust@betrapust.is



„Við borum fyrst í stjórnuna, sprautum sérstökum efnunum í sárið sem eru hert í útfjólubláu ljósi þannig að skemmdir hverfur,“ segir Smári um rúðuviðgerðirnar í Betra pústi.

MYND/ANTON

## Borgar sig að gera við

„Ef stjarna kemur í framrúðuna eftir steinkast borgar sig fyrir bíleigandann að láta gera við rúðuna í stað þess að skipta um gler,“ Þetta segir Smári Óskar Hólmarsson, framkvæmdastjóri í Betra pústi við Skógarhlíð í Reykjavík. „Viðgerð á rúðu er bíleigandann að kostnaðarlausu því tryggingafélögin borga hana en sé hins vegar skipt um rúðu þarf bíleigandinn að borga 15% af heildarupphæðinni í sjálfsábyrgð,“ segir Smári og bendir á að framrúður séu dýrar, enda margt í þeim í dag sem hleypi upp verðinu. „Ef skipta þarf um framrúðu í rútu þá getur sú rúða kostað hálf milljón og þær dýrustu eru upp á eina og hálf,“ segir hann. „Ein rúta sem við fengum til okkar fékk stein í rúðuna í fyrstu ferðinni sinni. Okkur tókst að gera við hana og sú viðgerð hefur haldið vel.“


Smári mælir með því að fólk hafi rúðuplástur við höndina en hann má fá hjá tryggingafélögum. „Ef steinn kemur í rúðuna er best að skella plástri á sárið til að ekki fari óhreinindi í það og láta svo gera við rúðuna sem fyrst,“ ráðleggur hann. „Um leið og farið er að trassa viðgerð er hættu á að sprungur teygji sig víðar og þá verður að skipta,“ bætir hann við.

Smári segir starfsmenn Betra pústs fást við ísetningar á bílrúðum þegar með þarf og jafnan vanda til verka. „Frágangur á rúðum skiptir öllu máli. Rétt efni verða líka að vera notuð því annars getur farið að ryðga meðfram rúðunni eftir ár og það er tjón fyrir bíleigandann. Rúðurnar verða að vera pottþéttar. Þar dugur ekkert fúsk.“

## UPPRUNI OG SAGA FRAMRÚÐUNNAR

Fáum kemur líklega á óvart að framrúðan var upphaflega fundin upp til þess að koma í veg fyrir blástur framan í bílstjórans. En á sínum tíma, í byrjun 20. aldar þegar „hestlausir vagnar“ keyrðu um götur, þurfti að finna eitthvað upp til að halda smásteinum, flugum og ryki frá augum bílstjórans sem varð meira vandamál eftir því sem hraði farartækjanna jókst. Fyrstu framrúðurnar áttu það til að brotna og skaða öikumenn og farþega illilega. Bílaframleiðandinn Henry Ford ákvað að stemma stigu við því með því að láta framleiða í bíla tvöfalt gler sem var límt saman með sellúlósa. Í Evrópu notuðust menn hins vegar aðallega við hert gler allt fram á 8. áratuginn. Það þoldi mikið álag en átti það til að brotna í þúsund litla mola.

Henry Ford lét framleiða sérstaka gerð framrúða í bíla til að draga úr slysum.





Jóhann G. Hermannsson við bílrúður inni á lager.

MYND/PIETUR

# Skeinuhættar stjórnur SEM SPRINGA ÚT

Fyrirtækið Orka að Stórhöfða 37 flytur inn og annast viðgerðir og skipti á bílrúðum.

Orka er gamalt og rótgróið fyrirtæki stofnað 1946 og verður því 65 ára í ár. Upphaflega var það stofnað til að bora eftir heitu vatni en með tíð og tíma þróaðist þjónusta þess út í innflutning á bílrúðum og bílallakki og alla þjónustu sem þeirri vöru tengist. Starfsmenn Orku skipta um fleiri hundruð rúður á ári í höfuðstöðvunum að Stórhöfða 37 en á vegum fyrirtækisins eru líka menn sem fara á milli verkstæða og skipta fagmannlega um rúður.

„Svo höfum við í nokkur ár verið í rúðuviðgerðum líka,“ segir Jóhann G. Hermannsson framkvæmdastjóri. „Það er vakning í þessu núna, við höfum síðastliðin fimm ár verið að gera við svona litlar stjórnur sem koma á framrúðurnar. En núna eftir kreppu kom meiri þrýstingur frá tryggingafélögum að gera meira við, sem er bara gott. En það er bara hægt að gera við litlar stjórnur en sprungur eltumst við ekki við,“ segir Jóhann sem telur að fyrirtækið eigi framrúður á lager í um 95 prósent af bílum á landinu í dag. Fyrirtækið er líka með þó nokkuð magn af afturrúðum á lager líka en hliðarrúður eru sérpantaðar. Erfitt er að vera með hliðarrúður á lager

„Það er mest um brotnar rúður þar sem verið er að leggja nýklæðningar og smásteinar skjótast upp.“


Þar sem þær eru svo mismunandi í laginu.

Þeir sem ætla að skipta um rúðu hjá Orku hringja og panta tíma, koma með bílinn að morgni og fá hann aftur samdægurs. Orka hjálpar til við útfyllingu á nauðsynlegum plöggum og innheimtir 15 prósent sjálfsáhættugjald fyrir tryggingafélagið. Viðskiptavinurinn þarf aldrei að hafa samband við það sjálfur.

„Við getum oft séð hvar er

verið að vinna í vegum á landinu hér á verkstæðinu,“ segir Jóhann og hlær. „Það er mest um brotnar rúður þar sem verið er að leggja nýklæðningar og smásteinar skjótast upp. En svo kemur önnur törn þegar frystir. Þá hafa menn fengið lítið steinkast um sumarið og síðan myndast litlar stjórnur sem springa út um veturinn. Þetta tvennt er svona algengast,“ segir Jóhann.

Hjá Orku starfa níu menn og eru þeir með áratuga reynslu að baki og með menntun í faginu. Sjálfur er Jóhann lærður bifreiðasmiður sem hefur ófáa bílrúðuna hanterað. Hann bendir fólki á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni bilrudur.is.



## FRAMRÚÐUTRYGGINGIN DAUÐ

Það sem áður hét framrúðutrygging heitir nú bílrúðutrygging, þá eru allar rúður tryggðar í bílum,“ segir Jóhann hjá Orku. Þetta hlýst af því að viðskiptavinir voru heldur óánægðir með að fá ekki nema framrúðuna tryggða ef brotist var inn í bílana þeirra og tryggingafélögin sáu að sér og bættu þjónustuna. „Nú fær fólk þó allar rúður nýjar í bílinn,“ segir Jóhann.

## HRAÐARI ÞJÓNUSTA

Hjá Orku eru auðvitað notuð nýjustu og bestu efnin sem til eru á markaði. Eitt það mikilvægasta við ísetningu á bílrúðum er límið, en það hefur þróast mjög mikið. Í gamla daga voru kittin miklu lengur að þorna og því þurfti að bíða miklu lengur áður en keyrt var af stað eftir skiptingu. Nú þarf ekki að láta límið þorna nema í klukkutíma áður en keyrt er af stað áhyggjulaust. Að sögn Jóhanns hjá Orku má alls ekki keyra af stað fyrr en límið er orðið alveg pottþétt, því ef maður lendir í árekstri og límið er ekki tilbúið, þá getur farið illa. „Þess vegna afhendum við aldrei bíl fyrr en eftir öruggan límtíma. Þetta er upp á öryggið, maður verður að búast við því versta,“ segir Jóhann.





# ER BÍLRÚÐAN BROTTIN?

SKIPTUM UM BÍLRÚÐUR  
GERUM VIÐ BÍLRÚÐUR  
...Í ÖLLUM GERÐUM BÍLA!



**ORKA EHF STÓRHÖFÐA 37**  
**5861900 WWW.BILRUDUR.IS**

VINNUM FYRIR ÖLL TRYGGINGAFÉLÖGIN



Nóg er að panta tíma með eins dags fyrirvara hjá Bílrúðunni, að sögn Jakobs.

MYND/ANTON



Bílrúðan er fjörutíu ára gamalt fyrirtæki sem er við Grettisgötu í Reykjavík og er nóg af bílastæðum hjá fyrirtækinu.

MYND/ANTON

# Allar gerðir af rúðum í boði

Bílrúðan er rótgróid fyrirtæki í miðbænum en þar er skipt um allar tegundir bílrúða og hægt að panta tíma með eins dags fyrirvara.

**B**ílrúðan er fjörutíu ára gamalt fyrirtæki,“ segir Jakob Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Bílrúðunnar, eins elsta starfandi fyrirtækis á sviði bílrúðuskipta á Íslandi. „Við flytjum inn rúður, skiptum um og gerum við rúður,“ segir Jakob og tekur fram að nóg sé að panta tíma hjá Bílrúðunni með eins dags fyrirvara. Skipt sé um rúðurnar samdægurs en það taki fjóra til fimm klukku-tíma.

Jakob segir að þegar Bílrúðan var stofnuð árið 1972 hafi fyrirtækið smíðað rúðurnar sjálft. Síðustu tuttugu árin hafi það flutt þær inn. „Þetta voru orðnar svo stórar og flóknar rúður,“ segir Jakob en Bílrúðan flytur inn rúður frá Sant-Gobain Sekurit sem er að hans sögn „einn stærsti „orginal“ bílrúðuframleiðandi í heiminum í dag.“

Bílrúðan flytur inn bæði framrúður og afturrúður ásamt því að gera við rúður. „Við erum með rúður á lager í allar bíltegund-



Bílrúðan flytur inn bæði framrúður og afturrúður ásamt því að gera við rúður.

MYND/ANTON

ir. Svo getum við útvegað alls konar rúður með skömmum fyrirvara ef við eigum þær ekki,“ segir Jakob og bætir við að á Bílrúðunni sé einungis notað viðurkennt efni. Hann lýsir svo viðgerðum á skemmdum á rúðum: „Þegar gert er við minniháttar skemmdir á rúðunum þá fellur eigin áhætta niður og þá þarf eigandi ekki að

borga neitt. Það er engin sjálfsábyrgð á því,“ upplýsir hann en Bílrúðan er viðurkennd af öllum tryggingafélögum.

Hverjir leita helst til ykkar? „Það eru bæði einstaklingar og fyrirtæki. Við sinnum mörgum stórum bílaumboðum og flestum stærstu bílaleigunum,“ upplýsir Jakob en á verkstæðinu starfar einung-

is menntað fagfólk. „Við leggjum mikla áherslu á það að allir séu menntaðir í því sem þeir eru að gera. Framrúðurnar eru burðarvirkið í bílnum þegar lent er í tjóni, þannig að þetta þarf að vera vel gert,“ segir Jakob og heldur áfram: „Við erum líka rétttingaverkstæði og málningarverkstæði þannig að við getum gert svo mörgu skil. Við

erum alhliða rétttingaverkstæði.“ Bílrúðan er til húsa að Grettisgötu 87 í Reykjavík. „Við erum á Grettisgötunni, milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs, alveg við Hlemm. Við erum á góðum stað og með nóg af bílastæðum.“

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni [www.bilrudan.is](http://www.bilrudan.is) og í sínum 552-5780 og 552-5755.

**BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN**

**Bestir í bílrúðuskiptum.  
30 ára reynsla fagmanna.  
3ja ára ábyrgð á allri vinnu.**

**BÍLRÚÐAN**

Grettisgötu 87 • 105 Reykjavík  
Símar 552 5755 & 552 5780  
[bilrudan@bilrudan.is](mailto:bilrudan@bilrudan.is) • [www.bilrudan.is](http://www.bilrudan.is)

**BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN**